

Skýrsla starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni



**Eva Halldórsdóttir, Haukur Örn Birgisson, Hildur Karen
Aðalsteinsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir**



1. Inngangur

Á fundi framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) 16. september 2021 var skipaður starfshópur sem falið var að gera tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásanir um brot innan íþróttahreyfingarinnar. Í starfshópnum voru skipuð lögmennirnir Eva Halldórsdóttir og Haukur Örn Birgisson ásamt tveimur fulltrúum úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, þeim Hildi Karen Aðalsteinsdóttur og Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur, sem jafnframt var formaður starfshópsins. Þá var Hörður Oddfríðarson einnig skipaður í starfshópnum en hann dró sig úr honum í janúar 2022.

Skipunina mátti rekja til umfangsmikillar samfélagsumræðu á haustmánuðum 2021 og ákalls aðila innan íþróttahreyfingarinnar um að ÍSÍ sendi frá sér reglur eða viðmið sem sambandsaðilar gætu stuðst við þegar upp koma mál innan vébanda þeirra og tengjast alvarlegum afbrotum þátttakenda í íþróttastarfi, hvort sem er innan vallar eða utan.

Á 75. Íþróttabingi ÍSÍ var samþykkt sérstök tillaga til þess að fylgja verkefninu úr hlaði. Tillagan var svohljóðandi:

75. Íþróttabingur ÍSÍ, haldið 9. október 2021 í Gullhömrum í Reykjavík, felur framkvæmdastjórn ÍSÍ að setja reglur og/eða viðmið, eftir atvikum reglugerð, um verkferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma alvarleg afbrot innan íþróttahreyfingarinnar. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2022 og ná til íþróttahreyfingarinnar í heild sinni og gilda fram að næsta Íþróttabingi.

Starfshópurinn fundaði alls 10 sinnum á starfstíma sínum og naut stuðnings Kristínar Birnu Ólafsdóttur, starfsmanns hópsins. Þá fékk starfshópurinn á fundi sína ýmsa gesti, svo sem Sigurbjörgu Sigurpálsdóttur, samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, Semu Erlu Serdar frá Æskulýðsvettvangnum og Ragnar Baldursson, lögmenn og kennara í íþróttarétti við Háskólann í Reykjavík.

Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 heimsfaraldursins höfðu töluverð áhrif á vinnu hópsins, sem reyndist erfitt að koma saman eins og vonir höfðu upphaflega staðið til. Dróst verkefnið því umfram fyrrgreind tímamörk.

2. Verkefnið

Eins og áður greinir var starfshópnum falið að aðstoða framkvæmdastjórn ÍSÍ við að framkvæma það verkefni sem lýst er í samþykkt 75. Íþróttabings. Starfshópnum var frá upphafi ljóst að hans beiði ærið verkefni enda hafa viðmið í samfélaginu breyst mikið á stuttum tíma hvað varðar alvarleg afbrot og þá sérstaklega kynferðisbrot. Samfélagsleg umræða um viðbrögð við afbrotum innan íþróttahreyfingarinnar hefur verið bæði mikil og kröftug. Því lá fyrir að viðfangsefni starfshópsins væri afar viðtækt og sjónarmið um æskilegar aðgerðir vegna þeirra misjöfn.

Það er ekki ofsögum sagt að starfshópurinn velti mikið fyrir sér hver meginkjarni verkefnisins ætti að vera og nákvæmlega til hvers væri ætlast af hópnunum. Það tók fulltrúa hópsins töluverðan tíma að ramma inn verkefnið og hugleiða alla þætti þess, bæði með tilliti til lagaramma, gríðarlegs fjölbreytileika mála og aðstæðna og vegna breyttrar stöðu og umræðu um kynferðisbrotamál í samfélaginu.



Þá taldi hópurinn mikilvægt að fá upplýsingar um niðurstöður annarra starfandi hópa, hvort sem er innan eða utan íþróttahreyfingarinnar, en ljóst er að fleiri aðilar hafa tekist á við samskonar viðfangsefni undanfarna mánuði. Fulltrúar starfshópsins töldu að það gæti reynst þýðingarmikið að draga lærdóm af hugmyndum og verkum annarra og eftir atvikum samræma aðgerðir.

Í stuttu máli má segja að þær upplýsingar og viðbrögð sem hópurinn fékk um verkefni og niðurstöður annarra starfandi hópa voru ekki nægilega vel til þess fallnar að veita mikla innsýn í hvernig best væri að nálgast verkefnið. Þá var það mat starfshópsins að vinna mismunandi hópa kynni að einhverju leyti að skarast. Að gefnu tilefni telur starfshópurinn þó að mikilvægt sé að reynt sé eftir fremsta megni að gæta þess að samræmi sé milli þeirra reglna og viðmiða sem gefin eru út á grundvelli slíkrar vinnu.

3. Bakgrunnur

Innan íþróttahreyfingarinnar hafa í gegnum árin komið upp alvarleg brot, til að mynda kynferðisbrotamál. Hefur verið leyst úr slíkum málum með ýmsum hætti.

Í mörgum tilvikum hafa slík mál verið leyst innan félags eða sérsambands, með eða án aðkomu lögreglu og eftir atvikum, með aðkomu barnaverndaryfirvalda. Vitað er að sum íþróttabandalög hafa veitt faglega ráðgjöf. Til dæmis hafa íþróttafélög sem tilheyra Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) getað leitað til þess eftir faglegri ráðgjöf, aðstoð við að leysa þau mál sem upp koma og stuðningi eftir þörfum.

Aðilar í íþróttahreyfingunni sem tengjast Ungmennafélagi Íslands hafa einnig getað leitað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins. Fagráðið hefur starfað um árabil en var sett á fót til að geta tekið til umfjöllunar eineltismál, kynferðisbrotamál og önnur mál sem snúa að óæskilegri hegðun sem koma upp innan þeirra félagasamtaka sem saman mynda Æskulýðsvettvanginn og aðilarfélaga þeirra. Fagráðið var skipað lögræðingi, sálfræðingi og starfsmanni Æskulýðsvettvangsins sem hefur mikla þekkingu á málaflöknum. Fagráðið tók að sér að tryggja að mál færu í réttan farveg eftir eðli og alvarleika brota og gat einnig boðið upp á úrræði í formi nokkurra tíma sálfræðiaðstoðar. Fagráðið var lagt niður um áramót 2022 og er félagasamtökunum sem áður leituðu til fagráðsins nú bent á að leita til samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Árið 2020 hóf samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs störf á grundvelli laga nr. 45/2019. Voru lögin viðbragð við þeim mikla fjölda mála sem kom upp í tengslum við #metoo sem tengdust íþróttahreyfingunni og sem fjölmennur hópur íþróttakvenna hafði birt opinberlega árið 2019. Í kjölfar setningar laganna gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Domus-Mentis Geðheilsustöð um starfsemina og var Sigurbjörg Sigurpálsdóttir sálfræðingur ráðin til að sinna starfinu.

Á heimasíðu samskiptaráðgjafa er að finna umfjöllun um markmið með starfi samskiptaráðgjafa, en þar segir:

Einelti, áreitni og ofbeldi í hvers kyns mynd er ekki liðið innan íþrótt- eða æskulýðsstarfs. Markmiðið með starfsemi samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna



atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Á vordögum 2021 var myndaður vinnuhópur á vegum samskiptaráðgjafa sem í sitja fulltrúar úr íþrótt- og æskulýðsstarfi á Íslandi. Vinnuhópurinn fékk það hlutverk að samræma verkferla og vinnulag fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Það er viðamikilið verkefni sem nær yfir breitt svið mála sem upp geta komið, allt frá eineltismálum til alvarlegri afbrota og er vinnuhópurinn enn að störfum.

Sigurbjörg og Sema Erla Serdar frá Æskulýðsvettvangnum komu á fund starfshópsins sem fulltrúar vinnuhóps samskiptaráðgjafa. Þar kynntu þær sín störf og greindu stuttlega frá þeim samræmdu verkferlum og vinnulagi sem vinnuhópurinn er langt kominn með að ljúka.

Þá kynnti starfshópurinn sér einnig vel óháða úttekt sem ÍSÍ lét framkvæma á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kvartana og ábendinga sem KSÍ hafa borist um kynbundið ofbeldi á árunum 2010 til 2021. Úttektinni var skilað í desember 2021. Hópurinn fékk auk þess til yfirlestrar og rýndi í verklagsreglur, leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðisbrotum og siðareglur ýmissa aðila, bæði innan íþróttahreyfingarinnar sem og hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum.

4. Afmörkun viðfangsefnisins

Starfshópurinn taldi mikilvægt að huga að því að ekki yrði skörun milli vinnu hans annars vegar og vinnuhóps samskiptaráðgjafa hins vegar. Var því tekin sú ákvörðun að færa áherslur starfshópsins sérstaklega á þau óljósu svæði sem erfitt hefur reynst að ná yfir í þeim málum þegar upp koma alvarlegri brot innan íþróttahreyfingarinnar. Þar ber helst að nefna heimildir íþróttahreyfingarinnar til að grípa til aðgerða og viðmið um endurkomu þátttakenda sem hefur verið meinuð þátttaka vegna ásakana um alvarleg afbrot.

Í viðleitni sinni til að afmarka viðfangsefnið enn frekar, ákvað hópurinn því að einblína fyrst og fremst á að skilgreina sérstaklega einstaka hugtök sem finna má í fyrrgreindri samþykkt Íþróttapings og hópnum var falið að vinna út frá. Með því að setja fram nánari skilgreiningar á eftirfarandi hugtökum birtist hópnum smám saman skýrari mynd af þeirri stóru áskorun sem felst í að setja fram leiðbeinandi viðmið eða reglur um alvarleg afbrot innan íþróttahreyfingarinnar.

Skilgreiningar:

Þátttakendur í íþróttastarfi

Starfshópurinn lítur svo á að hugtakið *þátttakendur í íþróttastarfi* taki til allra þeirra sem koma að starfsemi íþróttafélags eða Íþróttasambands. Á það jafnt við um launað starfsfólk, sjálfbóðaliða og þeirra sem æfa og keppa fyrir hönd og undir merkjum félags/sambands.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að eingöngu er átt við meinta gerendur með hugtakinu *þátttakendur í íþróttastarfi* og geta því meintir þolendur, eðli máls samkvæmt, staðið utan íþróttahreyfingarinnar.

Þess má geta að samkvæmt lögum um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019 geta *“allir sem sækja skipulagðar æfingar eða félagsstarf á landinu leitað til*



samskiptaráðgjafa varðandi einelti eða ofbeldi sem þeir telja sig hafa orðið fyrir í sínu íþrótt- eða æskulýðsstarfi". Samskiptaráðgjafi getur í öllum tilvikum veitt ráðgjöf en samskiptaráðgjafa ber að þjónusta þátttakendur í íþrótt- eða æskulýðsstarfi og falla því mál þar sem þolendur alvarlegra afbrota eru ekki sjálfir þátttakendur í íþróttastarfi utan þess. Samskiptaráðgjafi getur þó veitt ráðgjöf til þolenda utan hreyfingar þó málið fari ekki í formlegt ferli hjá honum.

Alvarlegt afbrot

Með alvarlegu afbroti leggur starfshópurinn til að átt sé við refsivert brot í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða annarra sérrefsilaga sem getur haft í för með sér allt að fjögurra ára fangelsisvist og öll brot gegn XXII. kafla (kynferðisbrotakafla) almennra hegningarlaga, án tillits til refsiramma þeirra.

Þegar upp koma mál

Það er álit starfshópsins að mál teljist vera komið upp þegar það er komið til vitundar framkvæmdastjóra eða stjórnar sambands/félags/deildar. Nægir þar að afspurn af alvarlegu afbroti hafi borist til eyrna framkvæmdastjóra eða stjórnarmeðlima.

Innan hreyfingarinnar

Hér er augljóslega um víðtæka skírskotun að ræða og eins og fram kemur í greinargerð með samþykkt Íþróttapings ÍSÍ er þar átt við atvik sem snerta þátttakendur í íþróttastarfi, sbr. framangreinda skilgreiningu, hvort heldur það er innan vallar eða utan. Nær tillagan því einnig til atvika þar sem þátttakandi í íþróttastarfi gerist brotlegur utan íþróttastarfs, þar með talið í sínu einkalífi.

5. Vandkvæði við reglusetningu

Þegar kom að því að setja niður á blað viðmið um hvenær og þá til hvaða aðgerða félög gætu gripið, kom fljótlega í ljós hversu snúið verkefnið var enda um afar margbreytilegar aðstæður og fjölbreyttar sviðsmyndir að ræða.

Þannig er að mati starfshópsins ómögulegt að setja almennar reglur sem tiltaka á skýran hátt hvenær rétt er að grípa til aðgerða, svo sem að vísa fólki úr íþróttastarfi eða landsliði og hvenær það á afturkvæmt.

Fyrir þessu eru fjölmargar ástæður. Þannig þarf að taka tillit til þess að um alvarleg brot er fjallað í almennum hegningarlögum og um rannsókn og meðferð slíkra brota gilda réttarfarsreglur. Þá ber að hafa í huga að meintir gerendur og þolendur njóta réttarverndar og stjórnarskrárvarinna mannréttinda. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að meintir gerendur, í þeim tilvikum þar sem þeir eru í sérstöku ráðningarsambandi við íþróttafélag eða samband, njóta kjarasamningsbundinna réttinda þegar kemur að áminningum, uppsögn eða riftun ráðningarsambands. Íþróttahreyfingin getur af augljósum ástæðum ekki gengið lengra en landslög leyfa.

Það sem skiptir ekki síður máli er að hvert mál er einstakt og taka þarf tillit til atvika í hverju máli fyrir sig. Slík atvik geta verið, en eru þó engan veginn tæmandi talin:

- Hver eru viðmið varðandi tilkynningu máls? Var málið tilkynnt formlega til félags eða sérsambands? Er um orðróm eða nafnlausu ásökun að ræða?
- Er vitað hver þolandi er?



- Stendur þolandi innan íþróttahreyfingar eða utan? Hefur það þýðingu í málinu?
- Er vitað hvort þolandi óskar eftir aðgerðum af hálfu íþróttahreyfingarinnar eða óskar jafnvel ekki eftir þeim?
- Er þolandi undir 18 ára aldri?
- Er valdaójafnvægi á milli geranda og þolanda sbr. þjálfari, iðkandi, aldursmunur, aflsmunur eða annað?
- Hversu alvarlegt var brotið?
- Átti brotið sér stað innan íþróttastarfs eða utan?
- Er gerandi leikmaður, starfsmaður, sjálfbóðaliði eða annað?
- Hefur málið verið tilkynnt til lögreglu?
- Fer málið í ferli hjá samskiptaráðgjafa?
- Einnig þarf að skoða vel tímarammann, hversu langt er liðið frá broti þar til tilkynning berst? Er um margra ára gamalt afbrot að ræða? Hver eiga/geta tímamörkin verið í slíkri stöðu?
- Ef geranda er vísað úr íþróttastarfi, hvert er þá hæfilegt viðmið tíma, á meðan mál er í skoðun, rannsókn, ákærufarli?
- Hvenær er rétti tíminn fyrir geranda til að koma aftur að íþróttastarfi, þegar mál hefur verið fellt niður eða viðkomandi sýknaður með dómi, eða eftir að viðkomandi hefur lokið afplánun?
- Ef mál var ekki kært til lögreglu, hvenær er þá rétti tíminn fyrir geranda að koma aftur, við hvað á að miða? Er nóg að viðkomandi hafi viðurkennt brotið og unnið í sínum málum með fagaðilum? Er það þegar þolandi er sáttur við að gerandi komi aftur? Hversu langur tími er æskilegur, mánuður, eitt ár, þrjú ár? Hvað ef gerandi viðurkennir ekki brotið?
- Sjónarmið um að rannsókn afbrota eigi ekki heima á vettvangi íþróttafélaga.

Starfshópurinn tók til skoðunar hvort unnt væri að setja reglur eða viðmið sem byggðust á hlutlægum mælikvörðum þegar kemur að því að grípa til aðgerða. Í því sambandi kann að skipta máli hvort brot hafi verið kært til lögreglu, hvort ákæra hafi verið gefin út eða hvort sakfelling með dómi liggi fyrir. Slík viðmið eru þó ekki gallalaus.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að langt í frá allir þolendur treysta sér til að kæra brot sem þeir verða fyrir og einungis brot af slíkum kærum fara í ákærufarli og enn færri enda með sakfellingu. Slík viðmið gætu reynst afar íþyngjandi fyrir brotapolá.

Framangreind hlutlæg viðmið um kæru og útgáfu ákæru væru einnig íþyngjandi fyrir meinta gerendur og helgast það af því að rannsókn og rekstur sakamála fyrir lögreglu og dómi tekur gjarnan mörg ár. Ferill íþróttamanna er alla jafna stuttur og því verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi að vera hliðsettur í svo langan tíma án þess að fá tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða starfshópsins að ógjörningur sé að setja heildstæðar almennar reglur eða viðmið fyrir alla íþróttahreyfinguna sem ná yfir allar mögulegar sviðsmyndir og þær aðgerðir sem unnt er að grípa til. Það kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar innan hreyfingarinnar setji sér eigin reglur og skilgreini við hvaða aðstæður rétt sé að grípa til aðgerða, svo sem með því að meina einstaklingi þátttöku á meðan mál er til skoðunar eða með því að vísa meintum geranda alfarið úr sínu starfi.



6. Tillögur starfshóps til framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Eins og áður greinir er það mat starfshópsins að ekki sé unnt að ráðleggja aðilum innan íþróttahreyfingarinnar að setja reglur sem ómögulegt er að framfylgja og sem kunna jafnvel að vera andstæðar settum lögum.

Hins vegar er að mati starfshópsins hægt að grípa til ýmissa aðgerða og leggur starfshópurinn eftirfarandi til:

1. Framkvæmdastjórn ÍSÍ leggi til að aðilar innan hreyfingarinnar setji sér siðareglur, eða eftir atvikum uppfæri þær reglur sem þegar eru til staðar. Við það verði þess gætt að í þeim sé sérstaklega fjallað um alvarleg afbrot, eins og þau hafa verið skilgreind hér að framan, og viðbrögð við þeim. Einnig er lagt til að ÍSÍ setji ákvæði um alvarleg afbrot í sínar eigin siðareglur.
2. Að framkvæmdastjórn ÍSÍ útbúi sniðmát að ákvæði sem aðilar innan íþróttahreyfingarinnar geta sett inn í samninga sína við starfsmenn og verktaka um heimildir til aðgerða ef starfsmaður/verktaki brýtur gegn siðareglum vinnuveitanda síns eða, eftir atvikum landslögum, sem annars væri ekki unnt að beita.
3. Að framkvæmdastjórn ÍSÍ útbúi sniðmát að ákvæði sem aðilar innan íþróttahreyfingarinnar geta sett inn í samninga sína við starfsmenn og verktaka sem skyldar viðkomandi til þess að upplýsa vinnuveitanda sinn um að hann sé til rannsóknar hjá lögreglu vegna kæru sem þangað hefur borist. Upplýsi viðkomandi ekki um slíkt megi líta á það sem verulega vanefnd á samningi sem heimili vinnuveitanda að rifta samningi án fyrirvara og bóta.
4. Að framkvæmdastjórn ÍSÍ útbúi sniðmát að verklagsreglum um hvernig upplýsingagjöf skuli háttáð þegar mál kemur upp, eins og það hefur verið skilgreint hér að framan. Samkvæmt þeim reglum verði það í verkahring framkvæmdastjóra félags eða sérsambands að tryggja að málum sem upp koma sé ávallt komið í viðeigandi ferli, eftir atvikum í samræmi við verkferil samskiptaráðgjafa, hann upplýsi stjórn um þau og haldi utan um tölfræði vegna þeirra. Í þeim tilvikum þar sem framkvæmdastjóra er ekki til að dreifa þá skal verkið falla í hlut stjórnarformanns. Mikilvægt er að höfð séu í huga sjónarmið um persónuvernd og að rétt sé farið með viðkvæmar og persónugreinanlegar upplýsingar og gögn.
5. Að stjórnir sérsambanda komi sér saman um viðmið varðandi val á fólki í landslið, til að mynda ef keppandi hefur gerst sekur um alvarlegt afbrot eða stjórn sérsambands telur að þátttaka tiltekins keppanda muni skaða ímynd eða orðspor sérsambandsins vegna trúverðugs orðróms eða ásakana um alvarlegt afbrot skal viðkomandi ekki valinn í landslið.
6. Að ÍSÍ bjóði markvisst upp á fræðslu um jafnréttis- og ofbeldismál fyrir fulltrúa í íþróttahreyfingunni og skal áhersla vera lögð á að ná til breiðs hóps fulltrúa hreyfingarinnar. Einnig að ÍSÍ geri þá kröfu að fræðsla um jafnréttis- og ofbeldismál fari inn í gátlista yfir það sem héruð/félög/deildir þurfa að uppfylla til að öðlast viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Regluleg og markviss fræðsla er mikilvægur liður í forvarnarstarfi gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.
7. Að ÍSÍ stofni fagráð í samstarfi við samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Fagráðið verði byggt upp á sambærilegan hátt og fagráð Æskulýðsvettvangsins, þ.e. þverfaglegt þriggja manna ráð sem unnt verður að leita til varðandi faglega ráðgjöf við úrlausn og mögulegar aðgerðir í þeim málum sem upp koma á vettvangi íþróttastarfs. Fagráðið yrði fyrst og fremst ráðgefandi en ákvörðun um aðgerðir yrðu þó ætíð á ábyrgð stjórnar félags eða sérsambands.



Þá er mikilvægt að þeir sem eru í forsvari fyrir aðila innan hreyfingarinnar kynni sér verkferil samskiptaráðgjafa, þegar hann hefur verið gefinn út, og tryggi að honum sé fylgt eftir með viðeigandi hætti.

7. Samantekt

Á 75. Íþróttáþingi var samþykkt tillaga um að framkvæmdastjórn ÍSÍ verði falið að setja reglur og/eða viðmið, eftir atvikum reglugerð, um verkferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma alvarleg afbrot innan íþróttahreyfingarinnar. Niðurstaða þeirrar vinnu sem sett var í gang með stofnun starfshóps í kjölfar Íþróttáþingsins er tíunduð hér að framan. Ljóst er að ekki hefur það markmið náðst að setja reglur og viðmið um verkferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma alvarleg brot innan íþróttahreyfingarinnar að öllu leyti. Sameiginlegir verkferlar verða gefnir út fyrir allt íþróttá- og æskulýðsstarf af vinnuhópi samskiptaráðgjafa á vordögum 2022 og verða fulltrúar ÍSÍ hvattir til að starfa samkvæmt þeim. Með því að ÍSÍ setji á stofn fagráð í samstarfi við samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála og með því að íþróttafélög og sérsambönd skerpi á siðareglum og setji sérstök ákvæði í samninga öðlast þau verkfæri til að beita þegar upp koma alvarleg brot og þannig gefst þeim færi á að grípa strax til viðeigandi aðgerða án þess að það stangist á við almenn hegningarlög.